

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR REGINS HF. 2023

Aðalfundur Regins hf. var haldinn þriðjudaginn 7. mars 2023 í fundarsalnum Gullfoss A, Fosshóтели Reykjavík, Þórunnartúni 1, 105 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Tómas Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Óskari Sigurðssyni lögmanni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 14. gr. samþykkt félagsins með birtingu tilkynningar í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 13. febrúar 2023 og auglýsingar í Morgunblaðinu þann 14. febrúar. Væri fundurinn því lögmaður aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 77,2 % hlutfjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikning félagsins vegna ársins 2022 ásamt framkvæmdastjóra fjármála, Rósu Guðmundsdóttur.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar með meirihluta greiddra atkvæða en þær voru eftirfarandi:

2. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2022.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2022:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2023 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður af rekstri ársins 2022 verður fluttur til næsta reikningsárs.

4. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu sem var óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

5. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Lögð var fram tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, eftir atvikum reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik (viðauki), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð

framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Umræður voru um tillöguna og var hún samþykkt einróma.

6. Breyting á samþykktum félagsins.

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 5. dagskrárliðs.

- a) Fyrir fundinum lá tillaga um lækkun á hlutfé um 13.605.127 kr. að nafnverði eða sem nemur 13.605.127 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Tillagan var svohljóðandi:

„Aðalfundur Regins hf. samþykkir að lækka hlutfé félagsins um 13.605.127 kr. að nafnverði eða sem nemur 13.605.127 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Lækkunin tekur til eigin hluta félagsins sem félagið hefur eignast með kaupum í samræmi við endurkaupaáætlanir stjórnar. Félagið hefur greitt 499.999.971 millj. kr. fyrir þessa hluti. Vísað er til ákvörðunar frá aðalfundi 10. mars 2021 og 10. mars 2022 um heimildir til kaupa á eigin hlutum.“

Tillagan var samþykkt einróma.

Eftir samþykkt ofangreindrar tillögu hljóðar 4. gr. samþykktá félagsins þannig:

*„Hlutfé félagsins er 1.809.546.970 kr.
Eittþúsundáttahundruðogníumilljónirfimmhundruðfjörutíuogsexþúsundníuhundruðogsjöfúk
rónur. Hlutir skulu hljóða á nafn.“*

7. Kosning stjórnar félagsins:

Formaður tilnefningarnefndar, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fór yfir skýrslu tilnefningarnefndar félagsins sem birt var samhliða aðalfundarboði.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Tómas Kristjánsson
Bryndís Hrafnkelsdóttir,
Heiðrún Emilía Jónsdóttir,
Guðrún Tinna Ólafsdóttir,
Benedikt Olgeirsson

8. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 820.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 410.000 kr. á mánuði.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 50.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 110.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 175.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 95.000 kr. á mánuði.

11. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:15

Óskar Sigurðsson, lögm.

Dagbjört Erla Einarsdóttir, lögm.